



Samtakahópurinn, fundur haldinn 16.04.2024 kl. 13:30 í

Ráðhúsi Reykjanesbæjar Tjarnargötu 12

Mætt: Hafþór Barði Birgisson, Sigrún Helga Björgvinsdóttir, Kristján Freyr Geirsson, Guðrún María Þorgeirsdóttir, María Guðmunda Pálsdóttir, Elín Ingibjörg Kristófersdóttir, Ljiridonna Osmani, tveir nemar í náms- og starfsráðgjöf og Gunnhildur Gunnarsdóttir sem jafnframt ritaði fundargerðina

Fundargerð

Íslenska forvarnarmódelið, kynning

- Hafþór Barði Birgisson, Ípróttá- og tómstundafulltrúi Reykjanesbæjar kynnti áherslur Íslenska forvarnarmódelisins.
- Öflugt forvarnarstarf hefur verið rekið undanfarin ár meðal nemenda í efstu bekkjum grunnskóla á Íslandi. Árangurinn hefur verið einstakur og er vímuefnaneysla ungmenna á þessum aldri með því lágsta sem gerist í hinum vestræna heimi. Þennan góða árangur ber að þakka þeirri samstöðu sem tókst að skapa meðal flestra þeirra sem komið hafa að umönnun og uppeldi barna og unglinga undanfarin ár.
- Samtakahópurinn þakkar Hafþóri Barða fyrir greinargóða kynningu á Íslenska forvarnarmódelinu.

Forvarnanálgun á Íslandi undanfarin 20 ár



Tökum höndum saman vinnustofa

- FFGÍR og Fjörheimar félagsmiðstöð buðu öllum forsjáraðilum barna og ungmenna í Reykjanesbæ, starfsfólki skóla og öðrum sem höfðu áhuga, á vinnustofuna Tökum höndum saman þann 15. apríl.
- Alls mættu um 20 áhugasamir þátttakendur.
- Niðurstöður frá Rannsóknum og Greiningu sýna að nú þurfa öll þau sem eiga börn, vinna með börnum eða þekkja börn að taka höndum saman og leggjast á eitt. Á vinnustofunni voru áherslur á Íslenska forvarnarmódelið,

TÖKUM HÖNDUM SAMAN
VINNUSTOFA FYRIR FORSJÁRAÐILA BARNNA OG UNGMENNA Í REYKJANESBÆ OG AÐRA ÁHUGASAMA
15. APRÍL KL. 18:30-21:30 Í HÁALEITISSKÓLA
...ÞU HAF VERRAN KALTUR Í BÖN

35% FORELDRA BARNNA Í 8. BEKK VITA EKKI MED HVERJUM BÖRNIN SÍN ERU Á KVÖLDIN

NÚ ER TÍMINN TIL AÐ TAKA HÖNDUM SAMAN, HORFAST Í AUGU VIÐ NIÐURSTÖÐUR RANNSÓKNA OG ÁKVEÐA AÐGERÐIR

SKRÁNING FER FRAM HÉR

FORELDRAR MINIR: ...	8. bekkur	9. bekkur	10. bekkur
Vita hvar ég er á kvöldin	75%	75%	71%
Vita með hverjum ég er á kvöldin	65%	68%	70%
Þekkja vini / vinurum mína	90%	91%	90%
Þekkja foreldra vinnu mína	75%	72%	72%

ERT ÞÚ MED PUTTANUM Á PÚLSNUM?



skoðað var hvernig mögulegt væri að vinna saman að bættri heilsu og líðan barna og ungmenna í Reykjanesbæ og aðgerðir sem mögulegt væri að framfylgja í þeim málum.

- Lögð var áhersla á þrjár aðgerðir:
 - Útivistartíma barna og ungmenna (ásamt rafrænum útivistartíma/ viðmiðum um skjánotkun)
 - Virkni barna og ungmenna (íþróttir og/eða tómstundir)
 - Foreldrarölt

Rafrænn útivistartími

- Embætti Landlæknis, SAFT, Heimili og skóli og fl. að leggja til að það séu viðmið um skjánotkun fyrir börn og ungmenni.
- Akureyri, Garðabær, Seltjarnarnes, Reykjavíkurborg, Húnaþing, Reiðafjörður hafa nú þegar gefið út viðmið, hvað ætlar Reykjanesbær að gera?



Vinnuskóli Reykjanesbæjar

- Skráning hafin, umsóknarfrestur til 31. maí.
- Búið að senda tölvupóst á alla forsjáraðila um að skráning sé hafin.
- Virkni sem forvörn! Námsráðgjafar hvetji nemendur til að skrá sig í Vinnuskóla Reykjanesbæjar.
- Fjölbreytt tækifæri í boði fyrir ungmenni.

Staða ungmenna í Reykjanesbæ

- Umræður um ofbeldismenningu, vímuefni og fl.

Sjúk ást fræðsla

- Vikuna 15. – 26. apríl er starfsfólk Fjörheima félagsmiðstöðvar að fara með Sjúk ást fræðsluna fyrir öll ungmenni í 9. – 10. bekk í Reykjanesbæ.
- SJÚKÁST er forvarnarátak á vegum Stígamóta um ofbeldi í nánnum samböndum ungmenna. Markmið

SAMBANDSRÓFIÐ

HEILBRIGÐ SAMBÖND
Byggja á jafnrétti og virðingu

- Opin samskipti
- Virðing
- Traust
- Hrólskilni
- Jafningar
- Umhyggja

ÓHEILBRIGÐ SAMBÖND
Byggja á því að annar aðilinn reynir að stjórna hinum

- Tillitseygj
- Valdabardagta
- Afbrigðisemi
- Óheildarleiki
- Felikar skapevillur
- Stjórnsemi

OFBELDIS-SAMBÖND
Byggja á valdæitingu og stjórnun

- Ásakanir
- Hótanir
- Einsingrun
- Þvinganir
- Stjórnun
- Niðurfelling

Sambandsrófið spannar frá heilbrigðum samböndum til óheilbrigðra sambanda og birtur til Ofbeldisáætlunar.
Hvar á rófinu liggur þitt samband?

SJÚKÁST



átaksins er að ungmenni þekki lykilhugtök á borð við mörk og samþykki og geti greint muninn á heilbrigðum, óheilbrigðum og ofbeldisfullum samböndum.

- Starfsfólk Fjörheima óskar eftir því að námsráðgjafar og kennarar haldi umræðunni gangandi þessa dagana.

Önnur mál

- Áherslur á minni skjátíma og útivistartíma – það þarf eitthvað að koma í staðin. Á fundinum kom upp hugmynd um lengri opnunartíma sundlaugar. Samtakahópurinn telur mikilvægt að það sé afþreying í boði fyrir ungmenni á kvöldin.
- Starfsfólk Fjörheima félagsmiðstöðvar leggur til að pantaðir verði seglar með upplýsingum um útivistartíma barna og ungmenna.

Fundi slitið kl. 15:00

Næstu fundur: miðvikud. 15. maí kl.13:30 í Ráðhúsinu